

| | | | |
|---------------|--------------------|--|------------|
| laun samkvæmt | XII. launafl. | kr. 14.50 á klst. auk álags og verðlagsuppb. | 143 |
| — | XIII. — | — 13.17 - — — — — | 21. okt. |
| — | XIV. — | — 11.83 - — — — — | |
| — | XV. — | — 10.50 - — — — — | |

Álag verður sem hér segir:

Á eftirvinnu (allt að 4 klst. á dag) 50%.

Á nætur- og helgidagavinnu: 100%.

Næturvinna telst frá kl. 21—8, en helgidagavinna frá kl. 17 á laugardögum.

Yfirvinna skal greidd í einu lagi eftir á fyrir hvern mánuð.

2. gr.

Heimilt er að víkja frá ofangreindum reglum um yfirvinnu og yfirvinnukaup, þegar sérstaklega stendur á og nauðsyn krefur, og skal leita þar um tillagna BSRB.

3. gr.

Öll vafa- og ágreiningsatriði um framkvæmd reglugerðar þessarar skal leggja undir úrskurð nefndar þeirrar, sem skipuð er samkvæmt 25. gr. launalaganna.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 92/1955, um laun starfsmanna ríkisins og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 79/1955, um breyting á reglugerð nr. 45 11. marz 1956, um vinnutíma starfsmanna ríkisins og ríkisfyrirtækja, svo og 5. gr. reglugerðar nr. 45 11. marz 1946, um vinnutíma starfsmanna ríkis og ríkisfyrirtækja.

Fjármálaráðuneytið, 21. október 1958.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Njarðvíkur.

144

22. okt.

I. RAFORKA

Rafveita Njarðvíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.65 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.00 hver kwst., auk fastagjalds er nemi kr. 12.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 4.00 af fermetra á ári.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 60 aura hverja kwst. Auk þess skal greiða fastagjald kr. 5.00 á mánuði af hverju herbergi íbúðar. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 ferm. skal telja sem hálf, en stærra en 25 ferm. sem tvö. Leiga fyrir einn mæli er inni-

144 falin í fastagjaldinu. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 ferm. má
22. okt. miða við sameiginlegt flatarmál þeirra, þannig, að hverjir 10 ferm. jafngilda einu herbergi og 6 ferm. hálfu herbergi.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.48 hver kwst. Hafi vélnarar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, frá kr. 250.00 til kr. 300.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum 60 aura hver kwst.
3. Ef uppsett rafvélarafli fasttengdra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kw.:
 - a. Um kwst.mæli á 44 aura hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegi og síðdegis, en þó eigi lengur en $1\frac{1}{2}$ klst. í senn. Notandi kosti klukkurofa fyrir véralagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilskildum tímum.
 - b. Um tvígjaldsmæli á kr. 2.60 hver kwst. í $1\frac{1}{2}$ klst. tvisvar á dag á tímum mesta álags rafveitunnar en á 44 aura hver kwst. utan þeirra tíma.
 - c. Um tvígjaldsmæli á kr. 2.60 hver kwst. í $1\frac{1}{2}$ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en 1 klst. í senn, en á 47 aura hver kwst. utan þess tíma.
4. Um mæli á kr. 550.00 fyrir hvert kw. mesta notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mínútna meðalálag og auk þess 30 aura á notaða kwst.
5. Ef ekki eru tók á að mæla mesta notað afl, má selja þennig: Um mæli á kr. 350.00 fyrir hvert uppsett kw. vélanna og auk þess 30 aura á notaða kwst.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 30 aura hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegi og síðdegis, en þó eigi lengur en $1\frac{1}{2}$ klst. í senn.
2. Um kwst.mæli á 10 aura hver kwst. í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 7.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar

- a. Að vélaafl, linur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina, og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra. Kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiði leigu af þeim, samkvæmt reglum, sem gilda um leigu þeirra.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum, og hitastillar notaðir.

E. Önnur raforkusala.

1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á 75 aura hverja kwst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.-mæli á kr. 1.48 hver kwst.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á 23 aura hverja kwst., ef straumur er rofinn frá kl. 8.30 til kl. 22 eða um tvígjaldsmæli á 23 aura hverja kwst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og kr. 1.48 hverja kwst. frá 8.30 til kl. 22.
4. Til gatnalýsingar á 65 aura hverja kwst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A-1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárliðum C—E (báðum meðtöldum) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um verulega aukningu frá vetrarnotkun að ræða, enn fremur að selja eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

144

22. okt.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann.

Greiða skal leigu af mælitækjum, sem hér segir:

| | |
|---|--------------------|
| 1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. | kr. 4.00 á mánuði. |
| 2. — þrífasa mælum upp að 50 amp. | — 5.00 — — |
| 3. — þrífasa mælum 50 til 200amp. | — 12.50 — — |
| 4. — þrífasa mælum yfir 200 amp. | — 18.00 — — |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækis. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjöld innan lögsagnarumdæmis Njarðvíkurhrepps skal miða við rúmmál húsa á þann hátt, sem hér segir:

| | |
|--------------------------------------|-------------|
| Grunngjald af loftlínuheimtaug | kr. 1200.00 |
| Grunngjald af jarðlínuheimtaug | — 1800.00 |

Auk grunngjaldsins greiðist kr. 2.50 af hverjum rúmmetra húsa allt að 700 rúmmetrum og kr. 1.00 af hverjum rúmmetra þar yfir.

Verði breyting á fasteignamati um meira en 10% frá því sem nú er, þegar gjaldskrá þessi er samþykkt, breytast gjöldin í samræmi við það. (Fasteignamat gert = kr. 1000.00 rúmm.). Heimtaug fellur í gjalddaga þegar að tengingu lokinni. Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 15 metrar, og loftlínuheimtaugar meiri en 40 metrar og/eða gildleiki víra meiri en 3×70 fermm., skal húseigandi greiða kostnað af því sem fram yfir eru. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduopnun kr. 20.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduopnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 20.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

- 144** Gjaldskrá þessi, sem rafveitunefnd Njarðvíkur hefur samið og hreppsnefnd
 22. okt. Njarðvíkurrepps samþykkt, staðfestist hér með samkv. vatnalögum, nr. 15 20. júní
 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og
 birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.
 Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Njarðvíkur, nr. 149 16.
 febr. 1952.

Atvinnumálaráðuneytið, 22. október 1958.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

- 145** Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Minningarsjóðs Biskupstungna, útgefin á
 24. okt. venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. okt. 1958.
 Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Biskupstungna.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Biskupstungna.

2. gr.

Fyrsta stofnfé sjóðsins er: Minningarsjóður Þorfinns Þórarinssonar, sem lagður er til þessa sjóðs með fullu samþykki Ungmennafélags Biskupstungna, er stofnaði sjóðinn, svo og ættingja Þorfinns heit. Þórarinssonar.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a. Minningargjafir um látna Biskupstungnamenn og fleiri, sem ættingjar og vinir kynnu að vilja minnast á þennan hátt.
- b. Ágóði af sölu minningarspjalda, er sjóðurinn gefur út, svo og aðrar gjafir og áheit, er sjóðnum kunna að berast.

4. gr.

Þegar gjafir eru gefnar um látna menn, samkvæmt skipulagsskrá þessari, skal fylgja stutt æviágrip, er rita skal í þar til gerða bók. Engin minningargrein má vera lengi en sem nemur fjórum blaðsíðum í bókinni, nema sjóðstjórnin leyfi lengra mál. Óinnrömmuð mynd skal fylgja æviágripinu ef til er. Minningargreinar nánustu ættingja og vandamanna skulu ganga fyrir öðrum greinum ef fleiri en ein berast, nema um annað verði samkomulag.

Bókina skal geyma í eldtraustu hólfi. Heimilt er að láta prenta bókina, ef sjóðstjórninni þykir ástæða til.

5. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 25000.00 má verja úr honum $\frac{3}{4}$ hlutum vaxta, en alla vexti má nota, þegar hann er orðinn kr. 50000.00.

6. gr.

- Fé því, er til ráðstöfunar kemur hverju sinni skal verja þannig:
- a. Til fegrunar og umhirðu í kirkjugörðum í Skálholtsprestakalli.